

2. Frumvarp til laga

um framlenging á gildi ýmsra lagaákvæða um tekjuöflun fyrir rikissjóð.

(Lagt fyrir alþingi 1937.)

1. gr.

Á árinu 1938 er rikisstjórninni heimilt að innheimta verðtoll og gjöld, sem talin eru í 2. gr. laga nr. 82 26. apríl 1935, á sama hátt og í sömu tilfellum sem í nefndri grein, og einnig að innheimta með 25% viðaukaverðtoll þann, sem um ræðir í lögum nr. 132 31. dec. 1935.

2. gr.

Skemmtanaskatt samkvæmt lögum nr. 56 31. maí 1927 skal til ársloka 1938 heimilt að innheimta með 80% álagi. Þó skulu leiksýningar, hljómleikar og söngskemmtanir innlendra manna undanþegnar álagningunni.

3. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að innheimta á árinu 1938 tekjuskatt og eignarskatt með sama álagi og eftir sama skattstiga sem árið 1936, sbr. lög nr. 82 26. apríl 1935, 1. gr., lög nr. 128 31. dec. 1935, 2. gr. 1. og 2. málsgr., og lög nr. 51 21. apríl 1936, um breyting á þeim lögum.

Ákvæði síðustu málsgreinar 2. gr. laga nr. 128 31. dec. 1935 skulu gilda til ársloka 1938.

4. gr.

Á árinu 1938 er rikisstjórninni heimilt að innheimta gjald af innfluttum vörum, sem taldar eru í 3. gr. laga nr. 128 31. dec. 1935, á sama hátt og í sömu tilfellum sem þar segir.

5. gr.

Á árinu 1938 skal rikisstjórninni heimilt að innheimta 8 aura innflutningsgjald af hverjum lítra af benzíni, í stað þess innflutningsgjalds, sem ákveðið er í a-lið 1. gr. laga nr. 84 6. júlí 1932. Endurgreiða skal nefnt gjald í sömu tilfellum og á sama hátt sem fyrir er mælt í 5. málsgr. 4. gr. laga nr. 128 31. dec. 1935 og reglugerð nr. 75 4. júlí 1933. Annars gilda ákvæði laga nr. 84 6. júlí 1932 um innheimtu gjalds þess, sem innheimt er samkvæmt þessari grein.

Þeim tekjuauka, sem leiðir af framangreindri hækkun innflutningsgjaldsins, skal varið til þess að greiða kostnað við lagningu akvega og malbikun þjóðvega svo sem hér segir:

- I. Til malbikunar:
- a. Elliðaárvegur allt að 50000 kr.
 - b. Hafnarfjarðarvegur allt að 50000 —
- II. Til akvega:
- a. Til Suðurlandsbrautar allt að 70000 kr.
 - b. — Holtavörðuheiðarvegur allt að 45000 —
 - c. — Austurlandsvegur allt að 20000 —
 - d. — Geysisvegur allt að 5000 —
 - e. — vega út frá Akureyri allt að 10000 —
 - f. — Vopnafjarðarvegur til Möðrudals allt að 5000 —
 - g. — Ljósavatnsskarðsvegur allt að 5000 —

Það, sem ofangreindur tekjuauki kann að fara fram úr 260000 krónum, leggist í sérstakan sjóð, er verði ráðstafað til lagningar Suðurlandsbrautar á árinu 1939.

6. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. jan. 1938.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta:

Frumvarpið gerir ráð fyrir framlengingu allra þeirra lagaákvæða um tekjuöflun til rikissjóðs, sem nú gilda til ársloka 1937, að undanskildum verðtollinum, en um framlenging hans er lagt fyrir sérstakt frumvarp. Má rikissjóður ekki við því að missa tekjur af þessum ákvæðum, ef halda á uppi þeim framlögum til atvinnuveganna og verklegra framkvæmda, sem fjárlagafrumvarpið fyrir árið 1938 ráðgerir. Tillögurnar í frumvarpinu um skipting benzinskattsins eru í samræmi við fjárlagafrumvarpið.